

STF-2015-06 Sigur lífsins

Kirkjubæjarstofa stendur fyrir árlegri fjölbreyttri fræðslu og menningardagskrá á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni um páskahátíðina sem nefnist Sigur lífsins. Samstarfsaðilar eru sóknarnefnd Prestsbakkasóknar, sóknarprestur, og Friður og frumkraftar- hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi. Árið 2016 verður sérstök áhersla lögð á fræðslu um pílgrímagöngur og kynningu á mögulegum pílgrímaleiðum á svæðinu. Pílgrímagöngur og langar gönguleiðir um söguslóðir eru mjög vinsæl afþreying og fólk ferðast um langan veg til að taka taka þátt. Skipulagning og mörkun slíkra gönguleiða í Skaftárhreppi yrði góð viðbót við afþreyingu á svæðinu og því mjög í anda uppbyggingar í gæðaferðaþjónustu sem byggir á náttúru, sögu og menningu svæðisins, sbr. áherslur vinnuhópa á íbúáþingi Brothættra byggða 2013.

Lokaskýrsla: Undirbúningur að páskadagskránni „Sigur lífsins“ hófst í janúar 2016. Haldnir voru undirbúningsfundir með fulltrúum sóknarnefndar Prestsbakkasóknar, sóknarpresti, verkefnisstjóra Friðar og frumkrafta og framkvæmdastjóra Kötlu jarðvangs. Einnig var haft samráð við Ferðafélag Skaftárhrepps og Hestamannafélagið Kóp. Að venju var fræðsludagskrá á föstudeginum langa, þann 25. mars. Sr. Ingólfur Hartvigsson hafði inngang og fjallaði um áhersluefni „Sigur lífsins 2016“ sem að þessu sinni var fræðsla og umræður um pílgrímagöngur. Fræðsluerindi dagsins flutti sr. Halldór Reynisson sem hann nefndi „Pílgrímurinn – að ganga á helgistað og að ganga með sjálfum sér“ í erindinu fjallaði hann m.a. um vaxandi áhuga á pílgrímagöngum og möguleikum í héraði og svaraði spurningum þar um. Einnig var flutt tónlist og að lokinni dagskrá í Minningarkapellunni var farin rútuferð með þátttakendum að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri, tekið þátt í helgistund í kirkjunni og fræðst um sögu staðarins. Erindin og umræður um þema fræðslufundarins var mjög gott innlegg í þá vinnu sem framundan er við að kanna möguleika á að skipuleggja og marka pílgrímagöngustíg milli hinna fornu klaustra; nunnuklaustursins á Kirkjubæ og munkaklaustursins í Þykkvabæ í Álftaveri.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2015.